

Erindi.

Hafnarfirði 09.03.2017

Sumarhúsafélagið í Norðurnesi í Kjós óskar hér formlega eftir leyfi til að setja upp rafmagnshlið/GSM hlið til að loka á almenna umferð um veginn sem liggur upp meðfram Trönudalsá og inn í hverfið þar sem sumarhúsabyggðin er. Hugsað er um eitt hlið sem yrði þá sett upp á veginn nálægt brennusvæði og Meðalfellsvegi. Haft er í huga að töluverð gangandi umferð er um þetta svæði og einnig mikið um hestafólk og yrði því gengið þannig frá við hliðið að þessir hópar kæmst fram hjá en ekki bílar.

Ekki er búið að skoða nákvæmlega hvar best væri að staðsetja þessi hlið en haft yrði í huga að öll sumarhúsalönd á þessu svæði yrðu innan hliðs. Skoða þarf betur nákvæma staðsetningu á hliði út frá aðgengi í rafmagn og hvar væri best að loka svæði út frá hliðum. Yrði þessi staðsetning unnin í fullu samstarfi við hreppsnefnd og nærliggjandi bændur sem um hafa málið að segja. Bændur ss Hrosshóll og Írafell hefðu fullan aðgang að hliði auk þess sem símanúmer yrði gefið upp þar sem fólk gæti hringt í og beðið um opnun ef það festist.

Rekstur og viðhald á þessu hliði yrði að fullu á höndum þeirra landeigenda sem yrðu innan svæðis. Yrði þá stofnað sérstakt félag um rekstur þessa hliðs.

Í ljósi þess að hitaveita og ljósleiðari er væntanlegur á þetta svæði og kemur því til með að auka verðmæti og sölulíkur þykir okkur í félaginu þarna á svæðinu að hlið af þessari gerð sé nauðsynlegt til að gera þetta svæði enn eftirsóknarverðra.

f.h stjórnar Sumarhúsafélgsins Norðurnesi,

Guðrún María Gísladóttir, ritari

